Reykjavíkurborg
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 27. mars 2019
R19030156

Borgarráð

***Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gögn og skýrslur um viðhaldsþörf í fasteignum borgarinnar.***

Á fundi borgarráðs 14. mars sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

*„Óskað er eftir að fá gögn og skýrslur sem til eru um viðhald og viðhaldsþörf fasteigna borgarinnar sem tilheyra eignasjóði, ásamt endurmatsvirði eignanna.“*

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Fyrirspurn er of umfangsmikil. Óskað er eftir að borgarráðsfulltrúar afmarki nánar þann hluta af fyrirspurnar sem snýr að skýrslum um viðhald og viðhaldsþörf fasteigna borgarinnar. Vinna skjalasafns og stofnana borgarinnar við að útvega og afrita öll þess gögn getur mögulega tekið marga mánuði.

Eins og kemur fram í skýringum með ársreikningum og árshlutareikningum Reykjavíkurborgar eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Endurmatsvirði fasteigna er því ekki fyrirliggjandi.

Bókfært verð úr borgarbókhaldi skv. árshlutareikningi janúar-september 2018 er að stofnverði kr. 166.873.149.000 og að teknu tilliti til afskrifta kr. 111.780.581.000.

Fasteignamat úr Þjóðskrá við álagningu á árinu 2019 er kr. 279.524.838.000 sem skiptist í lóðamat kr. 60.834.724.000 og húsmat kr. 218.690.114.000.

Brunabótamat úr Þjóðskrá við álagningu 2019 er kr. 370.313.532.000.

Óli Jón Hertervig